

30. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 7. október 2013, kl. 14:00 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

**Mættir:** Hildur Ösp Gylfadóttir formaður, Helgi Jóhannsson, Inda Björk Gunnarsdóttir, Preben Jón Pétursson, Edward Huijbens, Inga Eiríksdóttir fulltrúi kennara, Þórhildur Sölvadóttir fulltrúi nemenda, Björg Traustadóttir fulltrúi foreldra, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

## **Dagskrá:**

### **1. Trúnaðarmál**

Skráð í trúnaðarbók.

### **2. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar. Fundargerðin samþykkt.

### **3. Efnisgjöld**

Skólameistari lagði til að efnisgjöld yrðu óbreytt frá síðustu önn. Efnisgjöld eru greidd í listgreinaáföngum og útivistaráföngum. Samþykkt. Nokkarar umræður fóru fram um gjaldtöku framhaldsskóla.

### **4. Sjálfsmatsskýrsla skólans fyrir veturinn 2012 - 2013**

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir sjálfsmatsskýrslu skólans fyrir 2012-2013.

### **5. Fjárhagur og fjárlög**

Fjármálastjóri lagði fram rekstraryfirlit og greiningu fyrir árið 2013. Reksturinn er innan marka og flest bendir til að rekstraráætlun ársins standist. Skólameistari gerði grein fyrir fjárlögum næsta árs þar sem hækkun til skólans er 9,8%.

### **6. Skólafundur**

Skólafundur var haldinn í skólanum í fyrsta sinn fimmtudaginn 3. október s.l. Þar mættu 72 nemendur og fjallað var um námskrá skólans. Unnið var í hópum eftir brautum undir hópstjórn kennara.

### **7. Húsnæði skólans**

Skólameistari gerði grein fyrir því að ráðuneytið aftæki að byggja við húsnæði sem það ætti ekki. Óbreytt ástand er því í húsnæðisvanda skólans.

### **8. Skólasamningsfundur með mennta- og menningarmálaráðuneyti**

Skólameistari gerði grein fyrir skólasamningsfundi sem var í síðustu viku á Akureyri. Fundurinn var að þessu sinni sameiginlegur með skólameisturum allra framhaldsskóla á Norðurlandi.

### **9. Önnur mál**

#### **9.1 Hlutverk skólanefndar**

Hildur Ösp velti fyrir sér hlutverki skólanefndar, hvernig nefndarmenn sæu

fyrir sér hlutverk sitt, t.d. í stefnumótun. Lára skólameistari svaraði því til að hún vildi gjarnan sjá nefndarmenn taka þátt í mótun skólans. Edward lagði til að nefndarmenn settu saman blað með hugmyndum sínum um hvernig þeir vildu koma að þessu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:50.

Fundargerð ritaði

Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir